

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 3. apríl 2009,

um ráðstafanir í samræmi við kaupsamning

Sparisjóðs Mýrasýslu, kt. 610269-5409 og Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um Sparisjóð Mýrasýslu.

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 3. apríl 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Fjármálaeftirlitið telur nú að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snýr að yfirteknum skuldbindingum. Við gildistöku laga nr. 24/2009 var ákvæðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., breytt á þá leið að kröfur skv. 4. tl. 1. mgr. 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. teljast ekki lengur til sammingskrafna. Vegna framangreindra lagabreytinga er það mat Sparisjóðs Mýrasýslu og Nýja Kaupþings banka hf. að greiðslufyrirkomulag kaupsamningsins uppfylli ekki lengur þá forsendu að geta orðið grundvöllur að nauðasamningi fyrir sparisjóðinn. Hafa aðilar því komið sér saman um breytingu á greiðslufyrirkomulaginu með viðauka við kaupsamninginn, dags. 3. apríl 2009, en heildarendurgjaldið verður áfram hið sama. Á grundvelli breyttra forsendna telur Fjármálaeftirlitið rétt að breyta áðurgreindri ákvörðun. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 1. ml. 2. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 3. apríl sl.


ÁKVÖRÐUN:


Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðs Mýrasýslu sem kveðið er á um í áðurgreindum kaupsamningi eins og honum var breytt með viðauka þann 10. júní 2009, þ.e. yfirtekur allar veðkröfur og forgangskröfur sem falla undir 111. og 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 103. gr. laga nr. 161/2002 vegna innlána og yfirtekur eða greiðir almennar kröfur á hendur Sparisjóði Mýrasýslu með þeim hætti og að því marki sem greinir í 2. gr. sammingsins.

Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

15. júní 2009


Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar


Gunnar P. Andersen
Forstjóri